



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI RANGÁRÞING YTRA 2016-2028

Breytingar vegna Hvammsvirkjunar / efnistaka úr lónstæði

29.04.2025



Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárpings ytra þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá 13. mars með athugasemdafresti til 11. apríl 2025

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

111500-GRG-001-V01

HÖFUNDUR

IS/SOS

RÝNT

ÁJ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Jarðmyndanir	5
2.2	Vistgerðir og fuglar	6
2.3	Landsskipulagsstefna 2024-2038	6
2.4	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	6
2.5	Deiliskipulag Hvammsvirkjunar	7
2.6	Minjar	8
2.7	Vatnaáætlun 2020-2027	8
3	AÐALSKIPULAGSBREYTING	9
3.1	Breytingar á uppdrætti	9
3.2	Breytingar á greinargerð	9
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
4.1	Umhverfispættir og áherslur	10
4.2	Valkostir	11
4.2.1	Umhverfisáhrif	11
4.2.2	Niðurstaða	12
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	12
5.1	Skipulagsferli aðalskipulagsbreytingar	12

1 INNGANGUR

Unnið er að breytinga á námusvæðum í væntanlegu Hagalóni og tekur breyting til tveggja sveitarfélaga, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Rangárþings ytra. Aukin efnistaka tekur til beggja sveitarfélaga og því er gerð breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra samhliða breytingu innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna efnistökusvæðis og samhliða eru sveitarfélagamörk samræmd í farvegi Þjórsár. Notkun efnis verður nær eingöngu innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps og að stærstum hluta til endurgerðar Þjórsárdalsvegur en þó mun hluti efnis að nýtast við framkvæmda vegna Hvammsvirkjunar.

Breytingin er skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Með breytingunni er efnistökusvæðið við Hvammsvirkjun stækkað og heimiluð aukin efnistaka. Hagalón og eyja í því breytast lítillega til samræmis.

Landsvirkjun vinnur nú að lokaundirbúningi fyrir Hvammsvirkjun og tengdar framkvæmdir í og við Þjórsá í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Rangárþingi ytra. Ýmsar hönnunarforsendur hafa breyst og við endanlega verkhönnun hefur komið í ljós að efnispörf er nokkuð meiri en reiknað var með í upphafi, einkum vegna mikilla fyllinga í tengslum við breytingar á Þjórsárdalsvegi. Til að mæta þessari viðbótar-efnispörf hafa Landsvirkjun og Vegagerðin óskað eftir stækkun á núverandi efnistökusvæði í Hagalóni í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og í Rangárþingi ytra. Einnig er verið að einfalda og minnka vatnaveitingar og vinna verkið á sem hagkvæmastan hátt, það er m.a. gert með því að vinna meira efni við vesturbakka Þjórsár og nýta efni eins staðbundið og hægt er.

Núverandi heimildir í aðalskipulagi Skeiða- & Gnúpverjahrepps heimila að tekið sé allt að 500.000 m³ í efnistökusvæði E26 sem er í lónsstæði Hvammsvirkjunar. Viðbótar efnismagn verður allt að 390.000 m³ og heildar efnismagn verður þá 890.000 m³ úr öllu lónstæðinu, þar af um 100.000m³ innan Rangárþings ytra. Efnistakan er öll innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og í verðandi lónsstæði Hvammsvirkjunar (mynd 1) og þar með á svæði sem er búið að heimila að raska nú þegar. Öll aukning efnistöku verður í lónsstæðinu og mun því hverfa undir lónið að framkvæmdum loknum.

Fyrirhuguð stækkun á efnistökusvæði er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu til Skipulagsstofnunar samkvæmt lið 2.02 og 13.02 í viðauka 1 í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Fyrirspurn verður send til Skipulagsstofnunar.

1.1 Skipulagsgögn


Skipulagsgögn eru greinargerð þessi með umhverfismatsskýrslu og skipulagsuppdretti.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Efnistaka úr námunni er ætluð til ýmis konar framkvæmda í tengslum við gerð Hvammsvirkjunar, t.d. í breytingar á Þjórsárdalsvegi, fyllingarefni í vegagerð og efni sem þarf að standast efniskröfur eins og mól í steypu. Viðbótarefnistaka mun öll eiga sér stað í lönsstæði Hvammsvirkjunar, en henni er þó skipt upp í nokkur aðskilin svæði. Aðgengi að þeim er gott og eru skipulagðir vegir eða vinnuvegir að þeim í deiliskipulagi.

Ýmsar hönnunarforsendur fyrir framkvæmdir tengdar Hvammsvirkjun hafa breyst og kallar það á aukna efnisþörf. Stærstu breytingar sem kalla á meiri efnistöku eru:

- Þjórsárdalsvegur verður í hærri vegflokki og þar af leiðandi meiri kröfur um breidd vegar, vegfláa o.fl.
- Þjórsárdalsvegur verður hækkaður meira en áætlað var, m.a. til að minnka líkur á kröfu og ísflæði yfir veginn.
- Efnisþörf fyrir bakfyllingar norðan vegar og aðrar fyllingar innan við Þjórsárdalsveg verða meiri en áður var áætlað.



MYND 1. Fyrirhuguð viðbótar efnistökusvæði eru innan rauðu flákanna. Áætlað lón Hvammsvirkjunar sýnt sem blár fláki. Efnistökusvæðið E26 eins og það er í aðalskipulagi er skástrikað.

2.1 Jarðmyndanir

Í Hagey verður unnið hraun sem er hluti af Þjórsárhrauni, stærsta hrauni sem runnið hefur á Íslandi á nútíma, bæði í flatarmáli og rúmmáli. Alls er Þjórsárhraun um 970 km² og 25 km³. Hraunið á uppruna sinn á Veiðivatnasvæðinu, frá eldstöðvakerfi Bárðarbungu, og hefur runnið til sjávar í Flóanum um 120 km leið. Hraunið tilheyrir svokölluðum Tungnaárhraunum og er hulið yngri hraunum allt niður í Landsveit. Hraunið er að meðaltali um 26 m að þykkt. Hraunið er mjög umfangsmikið og þekur stóran hluta Suðurlandsundirlendisins. Eldvörp, eldhraun, gervíggar og hraunhellar sem myndast hafa eftir að jökull hvarf af landinu á síðjökultíma, njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

2.2 Vistgerðir og fuglar

Efnistökusvæði eru að mestu á gróðurlausum malareyrum meðfram Þjórsá og Þverá þar sem gróður og búsvæði fugla eru af skornum skammti.

2.3 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum. Leitast skal við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Jafnframt verði gætt að mögulegu álagi á vatn og vatnsvernd.

Breyting á aðalskipulagi er í samræmi við landsskipulagsstefnu. Efni verður tekið úr lónsstæði Hvammsvirkjunar svo verið er að nýta efni á svæði sem fer undir lón þegar virkjað verður. Meiri efnistaka úr lónstæði er hagstæð þar sem hún hvortveggja eykur lítillega vatnsforða lónsins en aðallega dregur það úr þörf á efnisflutningum úr öðrum námum, fjær notkunarstað.

2.4 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breytt aðalskipulag er metið í samræmi við stefnu í gildandi skipulagi. Efnistaka úr Hagalóni eykst en ekki er verið að taka nýtt eða óraskað land undir efnistöku. Efni er nýtt nálægt efnistökuastað sem dregur úr lengri efnisflutningum.

Innan Rangárþings ytra verður sett inn nýtt efnistökusvæði, sem er sá hluti námunnar sem er innan sveitarfélagamarka en ekki var skilgreint efnistaka úr Hagalóni innan Rangárþings ytra. Innan Skeiða- og Gnúpverjahrepps er einnig gerð lítilsháttar breyting er gerð á legu Þjórsárdalsvegar, reiðleiðar og Hagalóni.

Samhliða verða sveitarfélagamörk í Þjórsá samræmd milli sveitarfélaga á þeim hluta sem breyttur uppdráttur tekur til, ofan Minnanúpshólma og upp fyrir Yrjasker, sem þar með verður innan sveitarfélagamarka Rangárþing ytra.

Við aðalskipulagsbreytinguna er horft til eftirfarandi stefnu í gildandi skipulagi.

Kafli 2.3.9 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

- Lögð er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis.
- Efnistaka fer að jafnaði ekki fram á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi, s.s. friðlýstum svæðum, svæðum á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæðum.
- Efnistökusvæði skulu hafa framkvæmdaleyfi skv. lögum.
- Áhersla er á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

Eftirfarandi reglur gilda um efnistöku og efnislosun:

- Við val á efnistökusvæði skal velja efni af þeirri gerð sem best hentar fyrirhuguðum framkvæmdum.
- Efnistaka og efnislosun sé að jafnaði ekki á verndarsvæðum. Taka skal tillit til jarðminja og vistkerfa sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Einnig skal leitast við að haga mannvirkjum

og framkvæmdum við ár og stöðuvötn þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins skv. 62. gr. laganna.

- Taka skal tillit til þekktra fornminja. Efnistaka fari ekki nær friðlýstum fornminjum og öðrum merkjum minjum en 100 m og ekki nær öðrum minjum en 20 m.
- Að landslagsheildin þoli efnistöku án þess að heildarsvipmót hennar raskist.
- Að kleift sé að ganga ásættanlega frá efnistökusvæði að efnistöku lokinni.

Kafli 2.4.3 Óbyggð svæði

Flestar eyjar og bakkasvæði í Þjórsá flokkast sem óbyggð svæði.

Vötn, ár og sjór

Engin umfjöllun er í gildandi skipulagi.

2.5 Deiliskipulag Hvammsvirkjunar


Deiliskipulag Hvammsvirkjunar var staðfest í júní 2021. Gerð verður breyting á deiliskipulaginu. Í deiliskipulaginu er eftirfarandi umfjöllun um efnistökusvæði:

TAFLA 1. Efnistökusvæði skv. gildandi deiliskipulagi Hvammsvirkjunar.

NÁMA	STAÐUR	EFNI	MAGN [m³]	FLATARMÁL [ha]	SVEITARFÉLAG
E67	Skarð/Yrjur	Grjót	200.000	16,7	Rang ytra
E33	Skarð	Fokmold	50.000	3,0	Rang ytra
E34	Skarð	Fokmold	200.000	18,0	Rang ytra
E26	Lónstæði (tvískipt svæði)	Sandur og mól	500.000	90,0	Skeið- og Gnúp.
Samtals			950.000	127,7	

Um efnistöku segir m.a.:

- Nær allt efni til virkjunarframkvæmdanna verður unnið í næsta nágrenni virkjunarinnar. Efni sem fellur til við gröft og jarðgangagerð mun verða nýtt til framkvæmdanna eftir því sem kostur er. Stóran hluta þess efnis sem vinna þarf því til viðbótar verður hægt að vinna úr væntanlegu lónstæði og landi sem hreinsa þarf vegna stíflumannvirkja/stíflugarða.
- Efnisnám og efnisflutningar verða eftir því sem kostur er takmarkaðir við virkjunarsvæðið.
- Svæði E26 er tvískipt og liggur í væntanlegu lónstæði, er skilgreint sem efnistökusvæði í aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps.
- Steypuefni verður unnið úr námu E26 í lónsstæði og sprengdu efni úr skurðum og stöðvarhússtæði.



MYND 2. Deiliskipulag Hvammsvirkjunar, efnistökusvæði eru skástrikuð. Rauðir flákar sýna viðbótarsvæði fyrir efnistöku.

2.6 Minjar

Minjar voru skráðar í tengslum við gerð deiliskipulags fyrir Hvammsvirkjun og er gerð grein fyrir þeim í deiliskipulaginu. Þar sem stækkun efnistökusvæða verður í lónsstæðinu er ekki gert ráð fyrir áhrifum á minjar, umfram það sem er vegna lónsins.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdatíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

2.7 Vatnaáætlun 2020-2027

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Markmið laganna er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndunar vatnsauðlindarinnar.

Við efnistökusvæðið E26 er að finna eftirtalin vatnshlot skv. vatnavefsjá:

- Tungnaárhraun, 103-308-G, flokkað sem grunnvatn. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt.
- Efri-Þjórsá 103-211-G, flokkað sem grunnvatn. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt.
- Kerlingarfjöll-Hreppar 103-287-G, flokkað sem grunnvatn. Umhverfismarkmið er að magnstaða og efnafræðilegt ástand sé gott. Hvort tveggja er óþekkt.
- Þjórsá 1 103-663-R, flokkað sem straumvatn. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand sé gott og að engin áhætta sé til staðar. Vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand er óflokkað. Áin er undir staðbundnu álagi vegna fiskeldis sunnan við Vaðeyri og vegna breytinga á rennsli tengdum virkjunum.

- Þverá 103-895-R, flokkað sem straumvatn. Umhverfismarkmið er að vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand sé gott og að engin áhætta sé til staðar. Vistfræðilegt ástand er mjög gott, efnafræðilegt ástand er óþekkt.

Sú efnistaka sem heimiluð er í gildandi aðalskipulagi er líkleg til að valda breytingum á vatnshlotum, a.m.k. Þjórsá 1 og Þverá. Efnistaka og margvíslegur tilflutningur á efni í árfarvegi getur breytt bæði rennsli og formfræði ár og raskað setjafnvægi hennar. Áhrifin eru einkum á eiginleika árbotnsins og geta þau komið fram bæði ofan og neðan við þann stað sem verður fyrir slíku inngripi. Þó að áhrif efnistöku séu oft minni í stórum jökulám þá eru þau til staðar.

Ef þess er talin þörf verður unnið áhrifamat vegna framkvæmdarinnar í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi skal, eftir því sem við á, gera grein fyrir ástandi vatnshlota og hvernig brugðist verður við ef bæta þarf ástand þeirra.

3 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppdrætti.

Innan Rangárþings ytra verður sett inn nýtt efnistökusvæði (E126), sem er sá hluti námunnar sem er innan sveitarfélagamarka en ekki var skilgreint efnistaka úr Hagalóni innan Rangárþings ytra.

Við breytinguna verða sveitarfélagamörk í Þjórsá samræmd milli sveitarfélaga á þeim hluta sem breyttur uppdráttur tekur til, ofan Minnanúpshólma og upp fyrir Yrjasker. Með breytingunni falla sveitarfélagamörk Rangárþings ytra að sveitarfélagamörkum Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Þar með verður Yrjasker innan sveitarfélagamarka Rangárþing ytra en það hefur legið utan beggja sveitarfélaga.

3.1 Breytingar á uppdrætti

Nýtt efnistökusvæði E126 er sett inn. Svæðið er þrískipt, heildarstærð tæpir 5 ha. Sveitarfélagamörk færast í núverandi mörk Skeiða- og Gnúpverjahrepps.

3.2 Breytingar á greinargerð

Sett er inn nýtt efnistökusvæði, E126.

Stefna í breyttu skipulagi fyrir efnistökusvæði, kafli 2.3.9

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRD/SVÆÐI
E126	Hagalón	Sand- og malarnáma. Efnismagn allt að 100.000 m ³ . Svæðið er þrískipt, heildarstærð allt að 4,7 ha. Svæðið mun fara undir Haglón að loknum framkvæmdum við Hvammsvirkjun.	Skarðssel/Yrjar

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

4.1 Umhverfispættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu eru skoðuð áhrif á þá umhverfispætti sem tilgreindir eru í töflu 3 og leitast við að svara matsspurningum.

TAFLA 2. Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag. Jarðmyndanir. Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag. - Landnotkun stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar og sögu sem felst m.a. í byggingararfi og landslagi. - Áhersla er á góða umgengni um efnistökusvæði á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok. Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Skipulag landnotkunar í dreifbýli styðji við búsetu og samfélag í dreifbýli með langtímasýn um ráðstöfun lands til nýtingar og verndar og samþættri stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli. Ákvarðanir um ráðstöfun lands fyrir uppbyggingu taki mið af staðareinkennum, svo sem víðernum, sérkennum landbúnaðarlands, verndarsvæðum, varðveislu nytjlands og menningarlandslags. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, einkum 61. gr.	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi. Lífriki í vatni.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á lífríki í vatni?
Samfélag <i>Íbúar. Atvinnulíf.</i>	Aðalskipulag. - Áhersla er á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis. - Leita hagkvæmra lausna í samgöngum samhliða því að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi. Landsskipulagsstefna 2024-2038. - Gæta skal að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og byggð skal ekki ganga að óþörfu á svæði sem henta vel til ræktunar eða eru verðmæt vegna náttúruverndar.	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?
Minjar <i>Fornminjar.</i>	Aðalskipulag. Varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og önnur umhverfisleg gæði.	Hefur stefnan áhrif á minjar?
Vatn <i>Ár, vötn og grunnvatn</i>	Vatnaáætlun 2022-2027 - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.	Hefur stefnan áhrif á vatnsgæði og vatnavistkerfi? Hefur breytt stefna áhrif á vatnshlot?
Loft	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030. Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda?

4.2 Valkostir

Í gildandi aðalskipulagi er heimild fyrir Hvammsvirkjun og tilheyrandi mannvirkjum og framkvæmdum, s.s. miðlunarlóni, efnistökusvæðum og breytingum á vegum. Efnistaka er heimiluð á efnistökusvæðinu í lóni virkjunarinnar og efnislosunarsvæðum.

Skoðaðir hafa verið möguleikar á viðbótar efnistöku fyrir byggingu virkjunar og endurbætur á Þjórsárdalsvegi. Einn staður var skoðaður í landi Haga en þar þykir efnið ekki nægilega gott. Annar möguleiki væri að nýta uppgröft úr frárennisskurði Hvammsvirkjunar en til þess þarf að brúa Þjórsá á framkvæmdatíma, akstur með efni yrði um lengri veg og að öllum líkindum þyrfti að haugsetja efni áður en það verður notað. Auk þess yrði þetta talsvert dýr framkvæmd. Fýsilegasti kosturinn er sá sem hér er settur fram, að stækka efnistökusvæðið E26 og heimila að nýta meira efni þar. Því er aðeins gerð grein fyrir líklegum áhrifum af stækkun efnistökusvæðisins en ekki bornir saman valkostir.

Þjórsárdalsvegur hefur verið hannaður og útfærður nákvæmar heldur en er í gildandi aðalskipulagi og miðað við þær kröfur sem gerðar eru til stofnvega í dag.

4.2.1 Umhverfisáhrif

Gerð er grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum af stefnu í breyttu skipulagi.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Fyrirhuguð efnistaka er alfarið á svæði sem búið er að heimila að sökkva undir lón Hvammsvirkjunar. Meðan á vinnslu efnis stendur þá verða tæki og tól sýnileg og rask á landi. Að framkvæmdum loknum fer náman undir lón virkjunarinnar. Hraun verður fyrir raski vegna efnistöku en þar sem búið er að heimila að svæðið fari undir lón virkjunar þá eru áhrifin metin óveruleg. Efnistökusvæðið er á lítt grónum áreyrum. Áhrif viðbótarefnistökkunnar á landslag og ásynd eru neikvæð á framkvæmdatíma en engin að framkvæmdum loknum.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Verið er að auka efnistöku úr fyrirhuguðu lónstæði og áhrifin af því metin óveruleg. Efnistaka hefur mjög lítil áhrif á gróður innan Rangárþings ytra, þar sem svæðið er nær eingöngu lítt gróna áreyrar.

Breytt stefna er ekki talin hafa áhrif á lífríki í vatni, umfram það sem er af stefnu gildandi skipulags.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Efni úr námunni verður m.a. nýtt til endurbóta á Þjórsárdalsvegi og styður við markmið aðalskipulags að námur séu í námunda við notkunarstað efnis og að stuðla að betra umferðar- og rekstraröryggi vega. Endurbætur á Þjórsárdalsvegi stuðla jafnframt að betra umferðar- og rekstraröryggi vegarins. Efnistaka, sem næst framkvæmdastað, dregur úr efnisflutningum og þar með mengun.

Áhrif á minjar eru óveruleg vegna viðbótarefnistöku, enda um lítt grónar áreyrar að ræða.

Áhrif á vatn eru óveruleg vegna viðbótarefnistöku og endurbóta á Þjórsárdalsvegi, en ættu eftir atvikum að vera til skoðunar við veitingu framkvæmdaleyfis.

4.2.2 Niðurstaða

Áhrif af breytingunni eru metin óveruleg eða jákvæð á umhverfispætti. Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi ásamt öðrum mannvirkjum og framkvæmdum tengdum Hvammsvirkjun. Endurbætur á Þjórsárdalsvegi eru hluti af framkvæmdum sem fara þarf í í tengslum við Hvammsvirkjun. Lega vegarins hefur aðeins breyst vegna nákvæmari hönnunar og þeirra krafna sem gerðar eru til vegarins. Reiknað er með að umferðaröryggi verði betra vegna þessa og áhrifin þar með jákvæð.


5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagstillögu er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið.

Skipulagstillaga verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafreist. Umsagnaraðilar eru eftirtaldir:


- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Náttúruverndarstofnun
- Umhverfis- og orkustofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Fiskistofa
- Hafrannsóknastofnun
- Landsnet
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur

5.1 Skipulagsferli aðalskipulagsbreytingar




Aðalskipulag Rangárpings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Hvammsvirkjun



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRAÐTÚR

Skýringar

- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- Sveitarfélagmörk
- Bæir
- Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetning
- Stofnvegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- Slóðar
- Reiðleið
- Háspennulína 132-220 kV
- Rafstrengur
- Hverfisvernd
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnafar
- Miðlunarlóð
- Á, lækur
- Stöðuvatn, tjörn
- Landeignaskrá
- Hæðarlínur
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Vatnsból
- Svæði sem breytingin nær til



Breyting - aðalskipulags
Hvammsvirkjun

Verk: 111500
Unnið: GAL

Blaðstærð: A4
Rýnt: IS

Mælikvarði: 1:50.000

Dags: 01.04.2025